

## 3. gr.

Þriggja manna stjórn fer með yfirlráð sjóðsins. Skólameistari er sjálfkjörinn formaður, en tveir meðstjórnendur eru kjörnir árlega af og úr hópi íslenzku-, sögu- og latínukennara skólans.

## 4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en af vöxtum hans má úthluta ár hvert verðlaunum til þess nennanda skólans, er skarar fram úr í íslenzku, sögu eða latínu. Dimittendar gangi fyrir að öðru jöfnu. Ef ústæða þykir til má skipta verðlaunum í tvennt. Verðlaunaveiting fari fram í lok skólaárs.

## 5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 128.

24. maí 1972.

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fryrstrar rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. október 1972.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. október 1972.

## Vélskelflett rækja.

|   | CIF.           |
|---|----------------|
| 1. 10 × 4 × 1 lb., blokkfryst .....     | £ 0.52 pr. lb. |
| 10 × 4 × 2 lbs., blokkfryst .....       | - 0.52 — —     |
| 10 × 2 × 2 lbs., blokkfryst .....       | - 0.52 — —     |
| 2. 24 × 1 lb., blokkfryst .....         | - 0.65 — —     |
| 3. 2 × 5 kg, sérfryst .....             | - 0.53 — —     |
| 4. 4 × 2 kg og 5 × 2 kg, sérfryst ..... | - 0.54 — —     |
| 5. 24 × 450 gr, sérfryst .....          | - 0.54 — —     |

## Handskelflett rækja.

|                                     |                |
|-------------------------------------|----------------|
| 1. 10 × 4 × 1 lb., blokkfryst ..... | £ 0.64 pr. lb. |
| 10 × 4 × 2 lbs., blokkfryst .....   | - 0.64 — —     |
| 2. 24 × 1 lb., blokkfryst .....     | - 0.53 — —     |
| 3. 6 × 4 lbs., sérfryst .....       | - 0.66 — —     |
| 4. 6 × 4 × 1 lb., sérfryst .....    | - 0.67 — —     |
| 24 × 450 gr, sérfryst .....         | - 0.67 — —     |
| Í saltlegi .....                    | - 0.57 — —     |

Verðbil skulu vera 2% fyrir vél- og handskelfletta rækju en 2.5% fyrir handskelfletta rækju í saltlegi.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 24. maí 1972.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Gylfi Þórðarson.*